Í GEGNUM LINSUNA

frettir@24stundir.is

Síðustu tvo áratugi var þessi ljúfi alþýðulistamaður meðal vinsælustu myndlistarmanna þjóðarinnar; biðraðir mynduðust fyrir opnun sýninga hans á Kjarvalsstöðum og í Hafnarborg.

Myndhöggvarinn og stytturnar

Sæmundur E. Valdimarsson myndhöggvari var á nítugasta aldursári þegar hann andaðist á Hrafnistu 13. mars síðastliðinn. Síðustu tvo áratugi var þessi ljúfi alþýðulistamaður meðal vinsælustu myndlistarmanna þjóðarinnar; biðraðir mynduðust fyrir opnun sýninga hans á Kjarvalsstöðum og í Hafnarborg, og stundum lá við slagsmálum er fólk vildi tryggja sér einhverjar af styttunum með blíða svipinn. Lengst af starfaði Sæmundur sem vélagæslumaður í Áburðarverksmiðjunni í Gufunesi og það var líka þar sem hann hélt sína fyrstu einkasýningu árið 1983. Um skeið hafði Sæmundur þá verið að gera myndir úr tré og grjóti. Hann sýndi verk sín fyrst árið 1974 og varð kunnur fyrir stytturnar sem hann mótaði úr rekaviði.

Í áranna rás heimsótti Einar Falur Ingólfsson, ljósmyndari Morgunblaðsins, Sæmund nokkrum sinnum á vinnustofuna í bílskúrnum við Tunguveg. Hér birtast nokkrar myndanna sem hann tók.



Stoltur Sæmundur færir til verk sem stóðu með öllum veggjum í vinnustofunni, enda komið að sýningu. 24stundir/Einar Falur



Skalli Sæmundur kveður Skalla, eða Baldie eins og hann heitir nú þar sem hann er á heimili hjónanna Mary Ellen Mark, ljósmyndara, og Martin Bell, kvikmyndagerðarmanns, í New York.



Með afkvæmunum Sæmundur færir til verk sem stóðu með öllum veggjum í vinnustofunni, endakomið að sýningu.



Kropið Sæmundur krýpur með myndavél frammi fyrir Skalla, sem hafði fylgst með honum í skúrnum árum saman.



Sköpun Sæmundur setur augnhár á styttu sem er enn í mótun, árið 1993.



Geirvörtur Sæmundur útskýrir fyrir ljósmyndaranum og fjölskyldu hans hvernig hann bjó til geirvörtur á kvenmynd.